

LEGA LOTU 2 FRÁ HAMRABORG AÐ SMÁRALIND

MINNISBLAÐ

ADDRESS Verkefnastofa Borgarlínu
Vegagerðin
Suðurhraun 3
210, Garðabær
Iceland

E-MAIL borgarlinan@borgarlinan.is
www.borgarlinan.is

EFNISYFIRLIT

1	Lega Borgarlínu	1
1.1	Valkostirnir	1
1.2	Samanburður	2
1.3	Niðurstaða	3
1.4	Næstu skref	3

Skjal sótt af '00000000000' dags: 18.08 2026

Document information			
Title:	LEGA LOTU 2 FRÁ HAMRABORG AÐ SMÁRALIND		
Document no.:	BL200-PMG-TN-CD00-PMO001		
Version	Date	Prepared	Description
1.0	2021.10.14	HÁP	
Quality assurance information			
Prepared	HÁP, Vegagerðin	date 2021.10.14	
Checked	HRH, Vegagerðin	date 2021.10.15	
Approved	HÁP, Vegagerðin	date 2021.10.15	
Distribution			
Kópavogsbær			
Document owner			
Borgarlínan, Reykjavík. Iceland www.borgarlinan.is			

1 Lega Borgarlínu


Frá því að byrjað var að greina mögulega legu Borgarlínu í Kópavogi hafa verið tvö sjónarmið um tenginu milli Hamraborgar og Smáralindar. Annars vegar að fara eftir Hafnarfjarðavegi og um Fífuhammsveg líkt og leið 2 gerir í dag eða hins vegar að fara eftir Digranesvegi og Dalvegi.

Umræddur kafli er hluti af skilgreindri lotu 2 sem áætlun samgöngusáttmálans gerir ráð fyrir að fari í framkvæmd á árinu 2023. Í þessari greinargerð er því að finna niðurstöður rýni Verkefnastofu Borgarlínu á samanburði þessara tveggja valkosta sem gerð var í samráði við Strætó bs. og umhverfissvið Kópavogsbæjar.

1.1 Valkostirnir

Í tillögu að aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 er að finna eftirfarandi umfjöllun um mögulega legu Borgarlínu í Kópavogi ásamt þemakorti:

Gert er ráð fyrir að Borgarlínan fái aukið sérrými að Smáralind, leiðin mun að öllum líkindum liggja um Hafnarfjarðarveg og Fífuhammsveg en einnig hefur verið rætt um hún fari Digranesveg, sá möguleiki er sýndur á þemakorti. Samanburður mun verða gerður síðar.



Mynd 1: Skýringarmynd 5-20 í tillögu að aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040. Sýnir þemakort af Borgarlínu í Kópavogi, legu og kjarnastöðvum í samræmi við tillögur að Nýju leiðarneti Strætó. Tveir valkostir eru sýndir um leguna milli Hamraborgar og Smáralindar, rauð lína.

Í eftirfarandi umfjöllun verður leiðin um Hafnarfjarðarveg og Fífuhammsveg auðkennd sem valkostur I og leiðin um Digranesveg auðkennd sem valkostur II.

1.2 Samanburður

Strætó bs. vinnur nú að tillögum að nýju leiðarneti með tilkomu Borgarlínu og er þar gert ráð fyrir að stofnleið A muni aka eftir Borgarlínuinnviðum í lotu 1 og 2 í Kópavogi, valkostur I. Sú leið er einmitt líst sem fyrsta kosti í aðalskipulagstillögu Kópavogs. Í samvinnu við verkefnastofu Borgarlínu hefur Strætó verið að ítra tillögurnar m.a. með hjálp samgöngulíkans. Í þeirri vinnu voru þessir tveir leiðarvalkostir bornir saman. Verkfræðisstofan Efla aðstoðaði Strætó að leggja mat á keyrslur samgöngulíkansins. Efla dregur fram að helstu kostir núverandi tillögu, valkosts I, liggi í styttri ferðatíma og heldur fleiri farþegum sem hvoru tveggja leiðir til lægri rekstrarkostnað fyrir Strætó. Jafnframt kemur fram að það sé talinn kostur að geta boðið uppá beina tenginu allra Kópavogsbúa við íþróttasvæðið í Fífunni, að auðveldara sé að útfæra stöð við Smáralind og akstursleiðin sé beinni og þægilegri fyrir farþega í valkosti I en II. Helstu gallar valkosts I í samanburði við valkost II lúta að lakari tengingu við MK og að heldur fleiri íbúar séu í dag á áhrifasvæði en bent er á að almennar leiðir munu aka eftir Digranesvegi og mæta þeirri þörf eins og líkanið sýnir.

Í samráði við umhverfissvið Kópavogs hefur verkefnastofa Borgarlínu einnig metið valkostina með tilliti til áhrifa inna Kópavogs og erfiðleikastigs framkvæmda. Ekki er marktækur munur á lengd hvors valkostar en báðir eru rúmir tveir kílómetrar. Sá munur er þó á að í valkosti II leggst öll vegalengdin á lotu 2 en í valkosti I deilir lota 2 um helmingi vegalengdarinnar með lotu 4 sem liggur til Hafnarfjarðar. Kostir og gallar hvors valskosts eru dregnir fram hér að neðan.

Valkostur I

Helstu kostir:

- Samnýtir borgarlínuframkvæmdir á Hafnarfjarðarvegi.
- Samnýtir framkvæmdir við stofnstíg hjóleiða á Fífuhvamsvegi.
- Gott rými í götusniði fyrir sérrými, hjólastíga og gangstéttar.
- Hægt að tryggja sérrými alla leið og því yrði ferðatími í Smáralind styttri.
- Bein tenging við Fífuna þar sem eru mannargir viðburðir og íþróttastarf.
- Betri tenging stöðva við helstu hjólaleiðir í Kópavogi.
- Betri tenging Borgarlínu frá Garðabæ og Hafnarfirði í Smáralind með skiptistöð við Fífuna.
- Möguleikar fyrir „commuter“ bílastæði við Fífuna.

Helstu gallar:

- Flóknar framkvæmdir við Hamraborg og í botni Kópavogsdals
- Lengri gönguleið í MK

Valkostur II

Helstu kostir:

- Stoppar við MK
- Myndar skýran ás eftir öllum Digraneshálsi, Borgarholtsbraut og Digranesvegur sem eru skilgreindar bæjargötur í tillögu að aðalskipulagi Kópavogs.

Helstu gallar:

- Þrengsli í götusniði og ekki nægt rými fyrir fullt sérrými, hjólastíga og gangstéttar.
- Flóknar framkvæmdir á Dalvegi og erfiðar beygjur sem kalla á skerðingu á lóðum.
- Ekki hægt að tryggja sérrými alla leiðna og því yrði ferðatími í Smáralind lengri.

1.3 Niðurstaða

Þegar horft er bæði til þess samanburðar sem gerður hefur verið í samvinnu við Strætó og umhverfissvið Kópavogs er það eindregin niðurstaða verkefnastofu Borgarlínu að valkostur I sé mun skynsamari og því er lagt til að lota 2 liggi eftir Hafnarfjarðarvegi og Fífuhammsvegi.

Helstu gallar þeirrar niðurstöðu lúta að tenginum við MK. Verkefnastofan telur að sá galli sé hverfandi þar sem gönguleiðin frá Hamraborg er um 600 m og áform uppi að bæta umhverfi gangandi og hjólandi til austurs frá Hamraborg. Aukið aðgengi örflæðis s.s. rafskúta mun hjálpa við að stytta þá leið fyrir stóran hóp. Einnig verði komið til móts við aðra með tenginu við aðrar strætóleiðir.

Tenging milli Hamraborgar og Fífunnar verður áskorun en undan henni verður ekki komist þar sem hún er hluti af leið Borgarlínu suður til Hafnarfjarðar. Það verkefni er hægt að leysa og mun það verða megin viðfangsefni í frumdragavinnu fyrir lotu 2.

1.4 Næstu skref

Verkefnastofa Borgarlínu er nú að undirbúa vinnu við frumdrög á lotu 2 og gerir ráð fyrir því að hönnunarvinna hefjist nú í nóvember. Jafnframt er í undirbúningi að hefja vinnu við lotu 4 og tengingar hennar frá Hamraborg til norðurs og suðurs. Mikilvægt er að frumdrög verði unnin í góðri samvinnu við Kópavogsbæ og Strætó.